

Aðkoma frjálsra félagasamtaka

Árni Finnsson

Náttúruverndarsamtök Íslands

Afstaða Umhverfisstofnunar

- Taldi stofnunin að frumvarpið styrkti og yki við séreignarrétt en drægi úr réttindum og hagsmunum almennings og þjóðarinnar sem heildar.
- Benti stofnunin á að yrði réttur almennings skertur með samþykkt frumvarpsins yrðu áhöld um að þau mætti aftur bæta þar sem telja mætti mögulegt að það teldist takmörkun á þá útfærðum eignarrétti.

Afstaða félagasamtaka

- BSRB og fleiri samtök töldu að frumvarp til vatnalaga fæli í sér skerðingu almannahagsmuna frá því sem vatnalög nr. 15/1923 kváðu á um.
- Sú stefnubreyting sem boðuð er með núverandi frumvarpi gengur út á að gera einkarétti á vatni hærra undir höfði en allsherjarrétti, þ.e. að setja hagsmuni einkaaðila ofar almannahagsmunum. Það er skoðun samtakanna að í tilviki vatns sé slík forgangsröðun óásættanleg – þegar vatn sé annars vegar skipti almannahagsmunir meira máli en einkahagsmunir. Þessi afstaða endurspeglast í Vatnatilskipun Evrópu-sambandsins og í Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Hugtakið almannahagsmunir

- Hins vegar þarf að álitni nefndarinnar að endurskoða stjórnarsýsluákvæði vatnalaga nr. 20/2006 í því skyni að betur verði tryggt að við töku ákvarðana og stjórn vatnsnýtingar verði tekið mið af ólíkum hagsmunum sem við vatnsauðlindina eru tengdir, þar með töldum hagsmunum almennings. Erfitt er að telja með tæmandi hætti upp alla þá hagsmuni sem felldir verða undir hugtakið almannahagsmunir. Telur Vatnalaganefnd ljóst að hugtakið verði ekki túlkað þröngt heldur verði felldir undir það allir þeir hagsmunir sem hafa umtalsverða samfélagslega þýðingu, t.d. vernd náttúru og lífríkis, aðgengi almennings að náttúrunni, umferðarréttur, verndun menningarminja, svo og hagsmunir komandi kynslóða. Er þessi skilningur í takt við skýringu hugtaksins í norrænum rétti.

Um Norðurlönd

- Jafnvægi milli ólíkra hagsmuna, t.d. hagsmuna landeigenda og hagsmuna almennings og eins milli nýtingar og verndar.
- Réttur landeiganda lýtur alls staðar takmörkunum vegna réttinda annarra, bæði annarra landeigenda og almennings.
- Rådighet = ráðstöfunarréttur – ekki eignarréttur
- Endurskoðun norsku vatnalaganna miðaði [því] að gera ákvæði um almannahagsmuni gleggri.

Tilskipunin

- Tilskipunin felur í sér aukna áherslu á umhverfissjónarmið og hagsmuni almennings af stjórn og verndun vatnsauðlindarinnar. Ef tekið er mið af þeim breytingum sem hún hefur haft á löggjöf nágrannapjóðanna má ætla að innleiðing hennar hér kalli á nokkra endurskoðun á vatnalöggjöfinni, einkum á stjórnarsýslu vatnamála.

Tilskipun um aðgengi almennings

- Að tryggja aðgang almennings að skipulagningu vatnsmála - nýtt
- Að koma á samráði við almenning sem byggir á gegnsæi og birtingu upplýsinga - meginmarkmið

Hver væri staðan ef ekki nyti við ESB?

- Gagnsæi ákvörðunartöku í umhverfismálum betri með aðild að ESB?
- Þátttökuréttur almennings tryggari ef Ísland væri í ESB?
- Aðgengi almennings að réttarúrræðum tryggður ef Ísland væri aðili að ESB?
- Fjárhagur náttúruverndarsamtaka tryggari ef Íslandi væri í ESB?
- Loftslagsstefna Íslands skýrari?
- Meiri alþjóðleg samvinna í grasrótinni?

Umhverfismál og ESB

- Hlutverk Náttúruverndarsamtaka Íslands er ekki að beita sér í pólitískum deilum um ágæti ESB eða upptöku evru.
- Nauðsynlegt – engu að síður – að við tökum frumkvæði í umræðu um það hvort ESB-aðild gagnist okkur í umhverfismálum.
- Umræðan um ESB hefur nær alfarið snúist um krónuna, evruna, fiskveiðiréttindi, fullveldi Íslands en lítið sem ekkert um umhverfismál.

Miljöpartiet de gröna

- Bendi á að Miljöpartiet, de Gröna samþykkti í atkvæðagreiðslu félaga í september að leggja af andstöðu sína við aðild Svíþjóðar að ESB.
- Meginrökin fyrir þeirri stefnubreytingu voru þau að helstu vettvangur umhverfismála-umræðunnar væri í Brussel; að til að ná árangri þurfi Svíar að beita sér fyrir öflugri loftslagsstefnu, umhverfislöggjöf í Brussel.

ESB og Norðurlönd

- Norðurlönd – Danmörk, Finnland, Svíþjóð
– oft í samvinnu við Holland, Þýskaland
o.fl. þrýsta á um umhverfisvernd
- Noreg og Ísland vantar
- Vettvangurinn – segja Danmörk, Finnland
og Svíþjóð – er í Brussel

Um loftslagastefnu ESB

- Umhverfisverndarsamtök veita ESB eins strangt aðhald og þau geta – CAN Europe
- Jafnframt meðvituð um að í samanburði við önnur ríki eða ríkjasambönd eru ESB í forustu í loftslagsmálum
- Ekkert annað ríkjasamband hefur sett sér einhliða markmið um 20% samdrátt í útstreymi ghl.